



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 23. nóvember 2023
23111259/030.03 SAÓ

Efni: Einföldun og straumlínulögun gæðastjórnunarkerfis Kópavogsbæjar. Erindi til bæjarráðs

Tillaga og tímalína frá gæðastjóra um það að hvernig mætti einfalda og straumlínulaga gæðastjórnunarkerfi Kópavogabæjar er hér send inn til bæjarráðs til umræðu, rýni og samþykktar.

Tillagan lýsir hvernig hægt væri að einfalda gæðastjórnunarkerfi Kópavogsbæjar með það að markmiði að auka skilvirkni þess þannig að ferlar og tilheyrandi gæðaskjöl, sem þar verða í framtíðinni, séu nauðsynleg og uppfærð á hverjum tíma.

Tekið verði mið af áhættumati hvers sviðs og jafnframt Kópavogsbæjar í heild, í þeim tilfellum sem áhættan á við um öll svið bæjarfélagsins, við ákvarðanir um eyðingu eða uppfærslu gæðaskjala. Einnig verði tekið tillit til nýtingu gæðaskjala við að tryggja: fylgni við lögmæltar kröfur, fylgni við ákvarðanir bæjarstjórnar, skilgreint þjónustustig, nauðsynlegt umbótastarf og þekkingaryfirfærslu til nýrra starfsmanna.

Virðingarfyllst,

Sigurður Arnar Ólafsson
gæðastjóri



Kópavogur

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026